

Sigurður Hrafn Stefnisson  
Digranesheiði 18  
200 Kópavogur

Reykjavík, 10. september 2019  
UST201908-267/H.H.  
09.08.02

### **Efni: Umsókn um leyfi til aksturs utan vega - Jökulgil**

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Sigurðar Hrafn Stefnissonar, dagsett 29. ágúst 2019, um leyfi til aksturs utan vega í Jökulgili.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sem sbr. auglýsing nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Fara á inn í Jökulgil og keyra um 11km leið sama dag og gilið er smalað. Stefnt er að því að myndatakan fari fram í lok september. Taka á myndir fyrir myndalager og koma tveir starfsmenn að verkefninu. Óskað er eftir leyfi til að aka eftir árfarvegi inn Jökulgil þar sem leiðin inn í gilið er of löng til að bera myndatökubúnað. Bæði á að ljós- og kvikmynda Jökulgilið og bændur við smölun. Farið verður á 38“ Nissan Patrol eða 38“ Toyota Tacoma. Ekki er reiknað með að rask verði þar sem ekið er eftir árfarvegi, Jökulkvísllum og notast við þá slóða sem bændur skilja eftir.

#### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur verkefnið líklegt til að hafa neikvæð áhrif á stöf bænda á svæðinu þennan dag sem smölun fer fram í Jökulgili. Auka bifreiðar og dróni gæti truflað smölun á svæðinu.

#### ***Niðurstaða:***

Umhverfisstofnun hafnar beiðni um akstur utan vegar í Jökulgili þar sem umsækjandi er ekki að vinna að smölun. Á fundi Umhverfisstofnunar og fjallskilanevndar afrétta á Fjallabaksvæðinu kom fram, að öllum líkindum mun umferð annara vélknúinna ökutækja en nota á í smölun þennan dag í Jökulgili hafa truflandi áhrif á starfsemina. Bent var á að

umsækjandi gæti haft samband við fjallskilanevnd og kanna möguleika á að fara með þeim í Jökulgil til að kvikmynda og taka myndir undir þeirra leiðsögn.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllst



Kristín Linda Árnadóttir  
Forstjóri



Hákon Ásgeirsson  
Teymisstjóri